

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Sent til umhverfisstofnunar gegn um island.is

Reykjavík 22.2.2024

Áform um friðlýsingu Fjaðrárgljúfurs.

Landvernd styður samkomulag um að friðlýsa Fjaðrárgljúfur sem náttúruvætti í samræmi við 48. gr. laga um náttúruvernd, sem ákveðið var að höfðu samráði við fulltrúa Skaftárhrepps og landeigendur jarðarinnar Heiði, sem Fjaðrárgljúfur tilheyrir að hluta.

Með samningi við landeigendur um friðlýsinguna, féll Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra frá forkaupsrétti að jörðinni sem seld var sl. vor. Samkvæmt lögum um náttúruvernd hefur ríkissjóður forkaupsrétt að jörðum og öðrum landareignum sem eru að hluta eða öllu leyti á náttúruminjasrá. Ráðuneytið metur verndarpörf svæðisins talsverða vegna ágangs ferðamanna, en að hægt sé að ná markmiðum verndar án þess að ríkið gangi inn í kaupin.

Landvernd treystir því að með friðlýsingu og samkomulagi við nýjan eiganda verði vernd svæðisins og nauðsynleg uppbygging tryggð. Einnig að innheimta og ráðstöfun gjalda renni til nauðsynlegrar uppbyggingar þjónustu, reksturs og innviða fyrir þá sem ferðast um svæðið og gætt hófs í markaðssetningu ferðamennsku um svæðið. Almennaréttur verði tryggður og ágangur ferðamanna fari aldrei fram úr því sem svæðið þolir með góðu móti.

Landvernd fagnar því að forkaupsréttur ríkisins hvíli áfram á jörðinni, komi aftur til eigendaskipta. Landvernd telur almennt eðlilegt að náttúruvætti og dýrmæt friðlýst svæði séu í eigu þjóðarinnar og í umsjá opinberra aðila til að tryggja verndun náttúrunnar, gagnsæi í stjórnsýslu, aðgangsstýringu og almennarétt.

Með vinsemd og virðingu

Þorgerður María Þorbjarnardóttir